

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Eyjafjarðarsveit.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar 20. nóvember 2025 breytingu á deiliskipulaginu Jódísarstaðir, íbúðarbyggð.

Breytingin felst í því að tekinn er af bogi á suðvesturhorni á lóð nr. 7 og stækkar lóðin þá úr 4.325 m² í 4.378,1 m². Suðurmörk lóðar nr. 8 eru færð til norðurs til samræmis við suðurmörk lóðar nr. 7 og því minnkar lóð nr. 8 úr 4.802 m² í 4.123,6 m². Aðkoma að lóðum nr. 7 og 8 verður óbreytt og nær að suðurmörkum lóðanna. Ræman sunnan við lóðir nr. 7 og 8 verður fyrst og fremst nýtt til að auðveld aðkomu að Jódísarstöðum, spildu (L210780), frá lóð nr. 10, sem er í eigu sama aðila.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Eyjafjarðarsveitar, 12. desember 2025.

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 5. janúar 2026